



## Fundargerð

Fundur í skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps þriðjudaginn 9. júlí 2013 kl. 14.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Mariutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson og Herdís Matthíasdóttir. Egill Sigurgeirsson boðaði forföll. Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er ein blaðsíða.

Formaður bauð fólk velkomið, þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### **1. 1307002 – Ársreikningur Leiguíbúða Reykhólahrepps 2012.**

*Fyrir nefndinni sem fer með stjórn leiguíbúða liggur ársreikningur Leiguíbúða Reykhólahrepps 2012, sem er B-hluta fyrirtæki.  
Rekstrartekjur leiguíbúða á árinu námu 2,4 millj. kr. en tap ársins nam 6,6 millj. kr.  
Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir leiguíbúða í árslok 59,7 millj. kr. og heildarskuldir voru 115,1 millj. kr. Eigið fé í lok ársins var neikvætt um 55,4 millj. kr.  
Stjórn leiguíbúða samþykkir ársreikninginn samhljóða og áritar ársreikninginn.*

#### **2. 1307003 – Ársreikningur Hafnarsjóðs Reykhólahrepps 2012.**

*Fyrir nefndinni sem fer með stjórn hafnarsjóðs liggur ársreikningur Hafnarsjóðs Reykhólahrepps 2012, sem er B-hluta fyrirtæki.  
Rekstrartekjur sjóðsins á árinu námu 6 millj. kr. en hagnaður ársins nam 2,1 millj. kr.  
Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir sjóðsins í árslok 22,1 millj. kr. og heildarskuldir voru engar. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 22,1 millj. kr.  
Stjórn hafnarsjóðs samþykkir ársreikninginn samhljóða og áritar ársreikninginn.*

### Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 14.29.**

---

---

---